

Svæðisgarðar í Noregi

**Samantekt af fundi
hjá Foreningen Norske parker
sem haldinn var 2.-3. nóv. 2011
í Finnskogen, Noregi**



Frá tónlistarviðburði í Finnskogen, rúnasöngur

**Björg Ágústsdóttir, Alta, tók saman
Desember 2011**

Stutt ágríp - helstu umfjöllunarefni og niðurstöður

- Norðmenn hafa á undanförnum árum stofnað svæðisgarða til að styrkja og efla byggð og auka verðmætasköpun á svæðum. Talað er um nýja leið í byggðaðpróun – leiðina „innan frá“ (bottom-up) en ekki „utan frá“ eða „ofan frá“ (top-down).
- Lykilorðin eru: Byggðaðpróun – verðmætasköpun – byggt á sérstöðu svæða (sem þarf að finna og halda á lofti) - frumkvæði heimamanna – langtímaverkefni.
- Þrír svæðisgarðar (regional eða natur parke) hafa verið stofnaðir, sá fyrsti árið 2007, sá nýjasti í ársbyrjun 2011. Auk þess er samstarf landslagsgarða í Hordaland fylki, í einstökum sveitarfélögum (lokal parke) sem flokkast hér með.
- Fleiri svæði hafa ákveðið að stofna svæðisgarð og vinna undirbúningsvinnu. Enn fleiri svæði vilja fylgjast með þessari þróun og velta því fyrir sér hvort þeirra svæði henti sem svæðisgarður.
- Norðmenn eru sjálfir undrandi á því hversu mikill áhugi er hjá svæðum á því að fara þessa leið, að stofna til svæðisgarðssamstarfs. Þeir tala um að það sé engu líkara en að orðin sé til "bevægelse" (hreyfing) í þessa átt, í landinu.
- Norsk stjórnvöld ákváðu í lok ágúst 2011 að leggja 10 NOK (204 millj. ÍSK, á gengi dags. 26.11.2011) í verkefni í norskum svæðisgörðum sem eiga að miða að aukinni verðmætasköpun á svæðunum - byggt á nýtingu náttúru- og menningarverðmæta
- Samtök norskra svæðisgarða voru stofnuð af fyrstu fjórum svæðisgörðunum hafa augljóslega þegar áunnið sér þann sess að vera sá fyrirsvars- og samstarfsaðili sem t.d. norsk stjórnvöld leita til, m.a. við útfærslu á "prógramminu" og styrkveitingum til aukinnar verðmætasköpunar í svæðisgörðum.
- Hjá samtökum svæðisgarða er talað um að norskir svæðisgarðar ætli að gefa hugtakinu "Park" alveg nýja merkingu. Þau eru ákveðin í að nota þetta heiti, en gera sér grein fyrir að heitið er tengt við ýmislegt sem svæðisgarðar eru ekki, t.d. þjóðgarða. Þau segja að þetta verði stór áskorun, en samt gerlegt.
- Hjá samtökunum vilja menn líka skilgreina hvað þurfi til, þannig að svæði geti stofnað og kallað sig svæðisgarð (regional park) - hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt og hver á að setja þau? Um þetta munu norsk stjórnvöld og samtök norskra garða sammælast, m.a. til að setja viðmið vegna úthlutunar fjármunanna sem norsk stjórnvöld leggja nú til.
- Á að setja skilyrði í norsk lög um svæðisgarða, og gefa hugtakinu og þegar stofnuðum görðum ákveðinn æðri "status" eða stöðu? Nei, vilji er til að halda fast í eitt megineinkenni og hugmyndafræði svæðisgarða, að þeir séu sprottinir úr grasrótinni, frá fólki og stjórnvöldum á viðkomandi svæði - og byggist á samkomulagi þeirra og sameiginlegri sýn. Undir þetta tók ráðuneytisstjórinn í ráðuneyti sveitarstjórnarmála og byggðaðpróunar sem talaði á fundinum, og sagði vilja stjórnvalda vera í takt við þessa skoðun stjórnar Samtaka norskra svæðisgarða.
- Í Finnskogen, þar sem fundurinn var haldinn, er nú í gangi samstarf Norðmanna og Svía um undirbúning svæðisgarðs. Sá garður mun ná yfir svæði sem liggur beggja vegna landamæra og vakti samstarf landanna tveggja töluverða athygli.
- Mikill áhugi er á samstarfi við Ísland og talað um að norrænt samstarf svæðisgarða geti haft ávinning fyrir aðilana alla.

Að öðru leyti:

Við sem sátum fundinn ræddum við aðila frá flestum þeim görðum og svæðum sem áttu fulltrúa á fundinum. Allir voru mjög áhugasamir um fyrsta íslenska svæðisgarðsverkefnið og buðu aðstoð. Við erum því komin með fjölmarga tengiliði og margir hafa nú þegar útvegað okkur upplýsingar, tengingar, ljósmyndir og fleira sem við höfum óskað eftir. Norðmenn voru forvitnir um hvernig gengi á Íslandi (kreppan!) og hvernig okkur tækist að koma þessu verkefni af stað „í þessu árferði“. Við vorum sammála um að nú væri einmitt tíminn til að vinna sem mest úr auðlindum svæða – horfa inn á við og gera sem mest úr því sem við eigum. Sumir höfðu á orði að ef Íslendingar gætu þetta, þá ættu Norðmenn líka að geta þetta – íslenskur svæðisgarður væri Norðmönnum hvatning og lærdómur, ekki síður en að við Íslendingar gætum lært af Norðmönnum.

Inngangur

Dagana 2.-3. nóvember 2011 sátu fulltrúar Snæfellinga fund hjá Samtökum norskra svæðisgarða, í Finnskogen í Noregi. Norðmenn höfðu boðið okkur að taka þátt og fórum við Kristín Björg Árnadóttir bæjarfulltrúi í Snæfellsbæ undirrituð Björg Ágústsdóttir, Alta, á fundinn. Hér er að finna samantekt um fundinn og ferðina.

[Frétt um fundinn](#) má lesa á vef Samtaka norskra garða og hluta erindanna á fundinum.

Aðdragandi - boðið

Við hjá Alta höfðum komist í samband við norskt ráðgjafarfyritæki, Aurland Naturverkstad, þegar við undirbyggjum hugmyndina um svæðisgarð. Aurland Naturverkstad er leiðandi í Noregi á sviði landslagsgreininga og skipulags, og hafði með eftirtektarverðum hætti aðstoðað við stofnun svæðisgarðs í Næröyfjorden, auk þess að koma að undirbúningsvinnu fyrir fleiri svæði í Noregi, sem hafa eða hyggjast stofna svæðisgarð.

Það vill svo til að Kristian Björnstad, starfsmaður hjá Aurland Naturverkstad heldur utan um starfsemi samtaka norskra garða (Norske lokal- og regional parker). Hann hafði sagt stjórn samtakanna frá samskiptunum við Íslendingana og áformum Snæfellinga um að stofna fyrsta íslenska svæðisgarðinn. Stjórn samtakanna ákvað að bjóða fulltrúum Snæfellinga að sitja ársfund samtakanna þar sem saman koma fulltrúar víða að og málefni svæðisgarða eru í brennidepli. Fundurinn var haldinn í Finnskogen, (Finnskogtoppen Helsecenter) við Svullrya í sveitarfélaginu Grue, í um 2ja klst. akstursfjarlægð frá Osló.



Frá Finnskogen; skemmtilega byggt í eyju á Rögden vatni.
Báturinn varla langt undan



Foreningen norske parker

Foreningen norske parker eru samtök norskra garða, bæði "lokal" og "regional" garða, þ.e. í einstökum sveitarfélögum (sbr. landslagsgarðarnir í Hordaland fylki) og svæðisgarða.

Hlutverk þeirra er að miðla upplýsingum inn á við til félagsmanna og vera málsvari og miðla upplýsingum út á við um starf svæðisgarða, ekki síst að kynna svæðisgarða sem nýja leið í byggðapróun. Samtökin leitast við að safna upplýsingum og tengjast erlendum svæðisgörðum, rannsóknum og samstarfi. [Hér má fara á vef samtakanna.](#)

Samtökin voru stofnuð af fyrstu gördunum, Valdres, Næröyfjorden. Landslagsgörðunum í Hordalandi og Telemarkskanalen, og það eru fulltrúar frá þeim sem sitja í stjórn samtakanna.

Pátttakendur

Pátttakendur á fundinum voru um 40 talsins og má í grófum dráttum skipta í fernt:

Í fyrsta lagi fulltrúum svæðisgarða sem þegar hafa verið stofnaðir, í öðru lagi fulltrúum svæða sem hafa tekið ákvörðun um að stofna svæðisgarð og eru að undirbúa það, í þriðja lagi áhugasömum aðilum frá svæðum sem eru að velta fyrir sér hvort það henti hjá þeim að stofna svæðisgarð - t.d. Finnskogen, þar sem fundurinn var haldinn. Í fjórða lagi voru svo fulltrúar úr stjórnslu ríkisins, s.s. úr ráðuneytum og stofnunum. Að auki vorum við tvær frá Íslandi.

Efni fundarins

Í kynningu fundarins var að finna þessa lýsingu á umfjöllunarefni hans:

- Hvað er (svæðis)garður og hvað gera svæðisgarðar?
- Hvernig þróum við svæðisgarða (lokale og regionale parker) í Noregi? Á Norðurlöndum? Í Evrópu?
- Hvernig stofnum við svæðisgarð og gerum að þekktu vörumerki innanlands?
- Auk þess mun umræða fundarins taka mið af nýrri áætlun sem stjórnvöld hafa hleypt af stokkunum, með 10 millj. NOK framlagi, til að styðja við verðmætasköpun í norskum svæðisgörðum.

Á fundinum var sagt frá hverjum svæðisgarði, undirbúningi og stofnun, áherslum á hverju svæði, pátttakendum, sigrum og áskorunum. Ný verkefni á einstökum svæðum voru kynnt, auk þess sem rætt var um áherslur í starfi samtakanna.

Ráðuneytisstjóri í ráðuneyti sveitarstjórnarmála og byggðapróunar "Kommunal- og regionaldepartementet", Anne Beathe Kristiansen Tvinnereim, heimsótti fundarmenn og kynnti hugmyndir að baki nýja verkefninu sem á að auka verðmætasköpun í svæðisgörðum.

Hugtakið svæðisgarður

Í erindum fundarmanna var nokkuð oft vísað til hugtaksins "Regional Park" eins og Samtök norskra svæðisgarða hafa skilgreint það (maí 2010):

En dynamisk, langsiktig og forpliktende samarbeidsplattform for lokalsamfunn, myndigheter og næringsliv med en interesse for å ivareta og videreutvikle natur- og kulturverdier i et definert landskaps- og identitetsområde.

Í skilgreiningunni er að finna þessi áhersluatriði (tekið úr erindi formannsins, Eivind Brenna):

- kraftmikill og skapandi samstafsvettvangur fyrir nærsamfélagið; íbúa, opinbera aðila og atvinnulíf
- hagsmunir tiltekings, afmarkaðs, skilgreinds landsvæðis
- horft til framtíðar - langtímahugsun
- til að viðhalda og þróa náttúruleg og menningarleg verðmæti og gildi svæðis
- styður/hvetur til þátttöku heimamanna
- stuðlar að verðmætasköpun á sjálfbæran hátt og mótun vörumerkja með því að stilla saman landnotkun og samfélagsþróun.



Traktorssafarí, Hordaland.

Einstök erindi

Eivind Brenna, formaður stjórnar samtaka norskra garða

Eivind hefur verið/er bæði sveitarstjórnamaður á sveitarstjórnar- og fylkisstiginu.

Í [erindi sínu](#) fór hann yfir nokkur atriði sem hér eru sett fram í punktaformi:

- Viðurkenningarferli fyrir svæðisgarð - helstu vörður:
 - 1. stig; reynt að virkja og kveikja áhuga á svæðinu - fýsileikakönnun / forathugun
 - 2. stig: Verkefni sett af stað um undirbúning svæðisgarðs - breið þátttaka, samt mismunandi hvaða aðilar leiða
 - 3. stig: Stofnun svæðisgarðs, markmið að útbúa stofnsáttmála (charter)
 - 4. stig: Rekstur: svæðisgarður er viðurkenndur af stjórnvöldum á landsvísu og fær rétt til að nota sameiginlegt vörumerki svæðisgarðanna. Tíu ára rekstrartímabil tekur við. Skilgreina þarf markmiðin og fylgja þeim vel eftir.
 - 5. stig: Að loknum 10 árum fari fram endurmat - lært af reynslunni og betrubætt.
- Samtökin vilja gefa hugtakinu "Park" alveg nýja merkingu í norsku tungumáli. Það er krefjandi, segir hann, því þau gera sér grein fyrir að heitið er tengt við ýmislegt sem svæðisgarðar eru ekki, t.d. þjóðgarða.
- Hugtakið byggir á nokkrum atriðum sem eru grundvallandi fyrir svæðisgarðsskilgreininguna:
 - "Dýnamískt" afl; byggt á óskum heimamanna um þróun
 - Byggir á langtíma hugsun, samningur til 10 ára .
 - Samstarf sem er skuldbindandi, þ.e. aðilar hafi skrifað undir og skuldbundið sig, ekki bara lausgirt verkefni.
 - Atvinnulíf; svæðisgarður á að hafa þýðingu fyrir atvinnulíf. Sjálfbær verðmætasköpun er markmiðið - og það þarf að mæla árangurinn.
 - Að standa vörð um náttúru- og menningarverðmæti.
 - Skilgreint landsvæði, út frá landslagi eða sérkennum, stærðin getur verið mismunandi.
- Fjármögnun svæðisgarða
 - Samningsaðilar: sveitarfélög, fylkin, atvinnulífið.
 - Er þörf fyrir fjármögnun frá ríki?
 - Grunnfjármögnun - nýrra garða
 - Framþróun þeirra garða sem fyrir eru þarf að eiga sér stað.
 - Þróun nýrra verkefna í svæðisgörðum, bæði á forstigi og í framkvæmd/þróun stjórnunarátætlana svæðisgarða
 - "Verdiskapningsprogram" - prógramm um verðmætaaukningu - fyrir norska garða.
- Hjá samtökunum vilja menn líka skilgreina hvað þurfi til, þannig að svæði geti stofnað og kallað sig svæðisgarð (regional park) - hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt og hver á að setja þau?
- Hann sagði að Evrópski landslagssáttmálinn væri mikilvægur - hann hjálpaði til við að mæta óskum fólks sem vildi geta upplifað og notið dýrmæts landslags - einfaldast væri að útskýra þetta með því að segja að þeir sem búi í landslaginu, þeir eigi landslagið.

Kristian Björnstad, frkvstj. Samtaka norskra garða og starfsm. Aurland Naturverkstad

Í [erindi sínu](#) fór hann yfir það hvernig svæðisgarðar geta verið fordæmi fyrir samvinnu um svæðisbundna þróun (byggðapróun)

- Hvað er svæðisgarður?
 - ræddi muninn á regionale og lokal-park; "lokalpark" á við um garða sem eru innan eins sveitarfélags, meðan "regionalpark" nær yfir svæði í fleiri en einu sveitarfélagi
 - mikilvægt að kemur frá grasrótinni - einkenni á svæðisgörðum

- til að varðveita og stuðla að/þróa sjálfbærni
- í þeim felst samhæfing, ekki bara ákveðnir "geirar" eða atvinnugreinar, t.d. ekki bara ferðaþjónustan sem nýtur góðs af
- Snýst ekki um náttúruvernd!! - að vísu í Þýskalandi og Austurríki, en ekki annars staðar.
- Í Bretlandi 40 garðar, Area of outstanding natural beauty - 45 garðar í Frakklandi; áhersla á sjálfbærni og umhverfi - 90 naturparke í Þýskalandi, 45 svæðisgarðar í Sviss ("explosive success") en Norðmenn hafa horft mikið til Sviss og þeirra reynslu, farið í heimsóknir þangað til að fá hugmyndir og innblástur.
- Svæðisgarðar í Noregi
 - Eru mismunandi - hann rakti mism. módel og sagði frá hverjum garði (sjá í samantekt hér meðfylgjandi)
 - Foreningen Norske parker (samtök norskra svæðisgarða)
 - sprottin af þeim svæðum sem hafa stofnað svæðisgarða - en stutt af þremur ráðuneytum
 - hefur hlotið 10 NOK m.kr. stuðning til eflingar starfs í svæðisgörðum
 - starfsemin er að aukast, hann heldur utan um starfið - heldur úti vef, 2 árlegir fundir í samtökunum.
 - Viðmið og viðurkenningarferli, en samtökin hafa náð að öðlast þann sess að þau eru leiðandi í umræðunni um það hvaða viðmið eigi að setja fyrir svæðisgarða (því NB: það eru engin lög sem gilda um svæðisgarða, og engin skilyrði sem þar er hægt að finna fyrir því að svæði megi t.d. kalla sig svæðisgarð)

Stine Karlsen, hjá Karlsens hönnunarstofu

Stine var með mjög yfirgripsmikið og áhugavert [erindi](#) þar sem hún fór yfir það hvað felst í sterku og þekktu vörumerki, eða eins og yfirskrift erindisins bar með sér: "Norske Parker, mot en sterk merkevare og et nasjonalt turistmål".

Fyrirtæki Stine, Karlsens, hefur reynslu af því að móta og byggja upp vörumerki eins og *Sakte* í Aurland, *Godt Gjemt* í Telemark, *Smak av kysten* og þau vinna með ferðaþjónustu á ýmsum og ólíkum sviðum.

Erindið var tvískipt.

Í fyrsta lagi fjallaði Stine um það hvaða "merki" norskir garðar væru - hvað fólki dytti í hug þegar það heyrði talað um svæðisgarð (park/regional park) og hvort svæðisgarðarnir sjálfir væru klárir á því hvað þeir væru - og hvað þeir væru ekki. Hún lagði út af því á þá leið, að nauðsynlegt væri að velja stefnu og leið að settu marki, vera sammála um það og gera það sýnilegt út á við. Hún sagði að svæðisgarðar ættu/vildu vera sterkir (sterkt merki, vel þekktir) og líka aðlaðandi í augum fólks og þá skipti máli að horfa á hvaða markhópur það væri, til að hægt væri að ákveða hvað fólki þætti aðlaðandi. Einnig vildu/ættu svæðisgarðar að vera "öðruvísi" eða sérstakir, og þá skiptir máli að bera saman við eitthvað annað - hverjir eru keppinautarnir, öðru vísi en hvað?


Hún sagði að svæðisgarðar/svæði vildu verða þekkt fyrir eitthvað - og að þeir yrðu það. Það væru einkum "vörur" sem svæði gætu orðið þekkt fyrir (vörur framleiddar á svæðinu eða af svæðinu, eða það hvernig maður pakkar inn öðru því sem svæðið býður, þjónustu, menningu, öðru). Hún fór vel yfir hvað þarf að ákveða þegar stefna er valin og vörumerki (vöru eða garðs) er skilgreint og hvað markhópar séu. Vilja menn hafa "eitthvað af öllu" eða vera "bestir í einhverju". Norskir garðar væru ólíkir en það þyrfti samt að einfalda hlutina fyrir neytandanum og finna samnefnara. Dæmi: Kannski er svæðisgarður bara "infrastruktur" sem auðveldar þróun - (BÁ: kannski eins og æðakerfi sem þarf að vera gott og vítt til að gera blóðflæðið auðveldara og næra allan kroppinn). Mögulega er svæðisgarður "reiselivsprodukt" - tilboð eða "vara" í ferðaþjónustu; t.d. náttúra, menning, afþreying og matur. Í gegnum norska garða (Park-hugtakið) getum við komið því til skila að: a) "park" sé afmarkað svæði, þar sem megi upplifa mjög mikið á stuttri ferð, b) þar sé mikið að sjá, upplifa, læra um o.s.frv. og c) samtök / samstarf norskra garða, feli í sér að menn útbúi "ferðaþjónustutilboð" í sjálfu sér, sem hvetji fólk til að

heimsækja garðana - ef þú ferð í einn, þá viltu fara í annan. Niðurstaðan sú að norskir garðar ættu að vera tengdir við þetta í hugum fólks: - aktiv - overraskende - opprinnelig, m.ö.o. tengdir virkni og hreyfingu (t.d. eitthvað sem við gerum/njótum utandyra), koma á óvart (að uppgötva og upplifa sé tengt við það sem svæðisgarður stendur fyrir) og að byggt sé á því sérstæða á viðkomandi svæði - svæðisgarðar bjóði fólki uppá það sem gerir þá sérstaka, það sem gerir þá að garði yfirhöfuð. Hún sagði að stefna um vörumerki væri í raun hvorutveggja, samkeppnisstefna (hvernig ætlum við að haga okkur í samkeppni) og vörubrún.

Í síðari hluta eriindis síns fjallaði Stine um vörumerkið SAKTE, sem hefur verið komið á fót í Aurland (Næröyfjord).

Sakte þýðir "slow" og vísar að hluta í "slow food" hreyfinguna. Einkunnarorð Sakte eru "Ta deg tid" (gefðu þér tíma, eða farðu hægt) og vísar í að betra sé að fara hægt, sjá og njóta betur þess sem í boði er á svæðinu.

Stine sagði að grunnur Sakte væri þrennskona: a) sjálfbær ferðapjónusta, b) slow-food-hugmyndafræðin um að njóta matarins saman og að rækta án eyðileggingar, og svo c) að byggja á náttúru- og menningararfi svæðis, því sem er einstakt í umhverfinu og segir mannum eitthvað um sögu sína.



Stine Karlsen: hvernig vekur maður athygli á stað?

Í dag hafa 19 fyrirtæki/aðilar fengið leyfi til að nota vörumerkið SAKTE. Í þeim hópi eru matvælaframleiðendur, t.d. ostagerð, brugghús, brauðgerðarkona, sauðfjárbóndi, berjaræktandi, einnig skógerð, glerlistakona, gistiheimili, ferðapjónustufyrirtæki sem selur "upplifanir" og leiðsögn um svæðið, Sogn jord- og hagabruksskule o.fl.

Stine sagði frá hugmyndafræðinni að baki stefnumótun SAKTE, hvernig ákveðið var að horfa á áfangastaðinn Aurland til að byrja með og þróa hann (destinasjonsutvikling). Skilgreind voru nokkur ólík sjónarhorn til að meta staðinn sem áfangastað, t.d. náttúran, "infrastruktur" á svæðinu og sameiginleg gæði svæðisins.

Útbúnir voru og skilgreindir "ferðapakkar" - 3 dagar á svæðinu, vika á svæðinu og sett upp dagskrá fyrir ferðamenn sem vildu mögulega finna afþreyingu og upplifun á svæðinu.

Einnig skilgreindi hópurinn hvernig hann vildi að gestir og aðrir sem kæmu á svæðið hefðu fengið vitneskju um hann, þau skilgreindu í hverju samvinna aðilanna ætti að felast og hverjir væru markhópar Sakte, bæði úr hópi heimamanna og ferðamanna.


Markhóparnir væru þeir sem sæju svæðið og SAKTE sem annars vegar aðlaðandi og eitthvað sem trekkir að, og hins vegar sem eitthvað öðruvísi og einstakt.

Frida Sviland, verkefnisstjóri (prosjekt Koordinator) hjá Telemarkskanalen

Frida flutti [erindi](#) þar sem hún sagði frá nýjum verkefnum sem hefðu orðið til í svæðisgarðinum þeirra - Telemarkskanalen. Í samtölum við aðila þarna úti, frá öðrum svæðisgördum, þá var haft á orði að þau í Telemarkskanalen væru svo sniðug að hvetja til eða finna upp á vel skilgreindum og vel útfærðum, stökum verkefnum, sem styddu við þróun og uppbyggingu á svæðinu.

Frida gaf einmitt yfirlit yfir þrjú slík verkefni (lausleg þýðing í sviga fyrir aftan norsku heitin).

Kanallandskapet (skipaskurðalandslag) er þriggja ára verkefni sem Telemarkskanalen tekur þátt í ásamt fleiri evrópskum svæðisgördum. Unnið er út frá evrópska landslagssáttmálanum og áhersla á að kynna hugtakið landslag og skapa almennan skilning á því. Mikið er unnið út frá tilteknum þemum og sett markmið um landslag. Byggt er á landslagsgreiningum sem unnar hafa verið fyrir svæðin, greiningarnar eru nýttar og nánar útfærðar eða þróaðar. Hér er tekist á við það að samræma hugmyndirnar og aðferðirnar sem landslagssáttmálinn inniheldur, yfir í praktíska stefnumótun í skipulagi, bæði á sveitarfélaga- og svæðisskipulagsstigi. Markmiðið er að auka styrk svæðisins og gera það "samkeppnishæfara". Verkefnið er tilraunaverkefni sem aðrir norskir svæðisgarðar horfa einnig til.




Yfirlitsmynd svæðisins. (Mynd úr kynningunni sem Frida flutti á fundinum.)

Attraksjonsklynger (aðdráttarafsklasar) er verkefni sem snýst um að fá gesti til að uppgötva að á svæðinu sé ýmislegt fleira hægt að gera en bara að fara í "eina bátsferð", fá fólk til að stoppa lengur (og eyða meiru), njóta verunnar og koma aftur. Verkefnið er þriggja ára markaðssetningar- og vörubrúunarverkefni og gengur undir heitinu *Draumamílan* (Drömmemíla 2010-2012).

Helstu atriði:

- 6 menningarsögulegir staðir og minjar á Ulefoss
- segja sögu af svæðinu
- rafræn leiðsögn en einnig hægt að fá persónulega leiðsögn
- hægt að ferðast þangað á ýmsa vegu, með bíl, bát, á hjóli og gangandi
- samstarf fyrirtækja og sameiginleg kynning
- verðmætasköpu, byggð á sérstöðu svæðis (lokal identitet)
- hugsunin sú að þetta hvetji líka til frekari klasasamstarfs á svæðinu

Niðurstaða Fridu var að í þessu verkefni sýndi það sig að svæðisgarðurinn hefði stuðlað að samstarfi aðilanna, að lærdómi og miðlun hugmynda.



(Mynd úr kynningu Fridu)

Fredning (vernd) er verkefni sem snýst um að vernda Bandak skipaskurðinn, sem byggður var fyrir 119 árum.

Um er að ræða menningarleg verðmæti á sviði tækni og iðnaðar, 14 hlið á skipaskurðinum og 33 byggingar. Mannvirkin verða sett á friðunarlista til bráðabirgða, en síðan snýst verkefnið um að móta stefnu um hvernig megi nýta mannvirkin en samt að vernda þau (vernda með því að nota) og ákveða framtíðarstöðu þeirra. Skipaskurðalandslagið er rammi utan um heildina. Verkefnið nær til 2ja ára og leggur fylkið 1 millj. NOK (um 20-21 millj. ÍSK) til verkefnisins.



Þátttakendur á fundinum í Finnskogen.

Björg Ágústsdóttir, verkefnisstjóri: Svæðisgarður á Snæfellsnesi (erindi sjá viðhengi/fylgiskjal)

Kristian Björnstad - ræddi um rannsóknir og þróun svæðisgarða í Evrópu

Hann gaf skýrslu og sagði frá fundi (workshop) sem hann sótti í Parc Naturel Régional de Chartreuse í Rhone-Alpes héraðinu í Frakklandi, sjá [vef](#) garðsins. Þetta var vinnusmiðja fyrir þá sem stunda rannsóknir á svæðisgörðum. Þar hefðu loftslagsmál verið mjög fyrirferðarmikið þema í rannsóknarstarfi.

Hann sagði frá starfi Chartreuse svæðisgarðsins, sem hefur um 30 starfsmenn. Hann tiltók sérstaklega að þau væru mjög "moderne" í því hvernig þau kynntu sig, nýttu vel alla miðla og útgáfa á þeirra vegum væri mjög fjölbreytt; allskonar bæklingar, m.a. um landbúnað á svæðinu, um dýralíf og gróðurfar í garðinum. Miðlun væri greinilega mjög öflug.

Hann sagði að stefnt væri að vinnusmiðju evrópskra rannsakenda í mars 2012, í Noregi.

Morten Clemetsen, Dr. scient, eigandi Aurland Naturverkstad og kennari við Universitetet for miljø- og biovitenskap

Hann flutti erindi um nýja þekkingu og rannsóknir á svæðisgörðum í Noregi og hvernig megi styrkja svæði í framtíðinni.

Morten sagði frá rannsóknum á því hvernig svæðisgarðar (lokale og regionale parker) gætu falið í sér stefnu um sjálfbæra stjórnun/þróun.

Hann sagði frá rannsókn sem styrkt er af Rannsóknarráði Noregs og fram fer 2011-2013:

Ideals, models and practice in natural resource management. Does local management matter?

Rannsóknarverkefnið er unnið með samvinnu nokkurra aðila: Institutt for landskapsplanlegging, Høgskolen í Oslo og Östlandsforskning í Lillehammer, og það snýst um þrennt:

- Að finna hentug stjórnunarmódel sem styðja við innleiðingu/breytingar á svæðinu og styrkir svæðið
- Samanburð á mismunandi svæðisgarðs"módelum" í Noregi/Evrópu
- Að þróa nýja þekkingu sem nýtist við stjórnun á mismunandi veg í svæðisgörðum.

Frá 1960 hefur landslag þróast úr því að vera "andlag verndunar" yfir í að vera samfélagsvettvangur - vettvangur samskipta. Hann sagði að það þyrfti að finna leið til að láta þetta allt vinna saman.

Hann velti því upp hvort stjórnun á landslagi og náttúrulegu umhverfi gæti átt sér stað á annan hátt en bara með lögum. Hvað með "lokal- og regional parke" sem þróaðir eru með landslagið sem sameiginlegan vettvang.

Rannsóknarspurningarnar snerust um:

- Hvernig getur samstarf um verðmætasköpun og þróun svæðis einnig náð utan um stjórnun náttúrulegs og menningarlegs umhverfis?
- Hvernig er hægt að virkja og tryggja innleiðingu í svæðisgörðum?
- Hvert er hlutverk svæðisgarða - í tengslum við sveitarfélögin?
- Geta svæðisgarðsverkefni tengst skipulagsferlum skv. skipulags- og byggingarlögum -
- Getur svæðisgarður komið í staðinn fyrir verndarúrræði hins opinbera? Er það æskilegt og gerlegt?

Morten sagði líka frá því að margir nemendur við UMB vilji nota svæðisgarða sem nálgun í rannsóknarverkefnum sínum, t.d. verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu, skipulagi og arkitektúr. Því yrði forvitnilegt að fylgjast með hvað út úr þeim rannsóknum kæmi á næstu misserum.

Anne Beathe Kristiansen Tvinnereim, ráðuneytisstjóri í ráðuneyti sveitarstjórnarmála og byggðapróunar (Kommunal- og regionaldepartementet)

Ráðuneytisstjórinn kynnti "*Bakgrunnen for den nye nasjonale satsingen på lokale og regionale parker som samarbeidsmodell for lokal og regional utvikling*" - en augu norskra stjórnvalda hafa beinst að því að svæðisgarðar séu hentugt form samvinnu um byggðapróun. Norsk stjórnvöld ákváðu því í ágústlok 2011 að leggja til fjárframlag upp á 10 millj. NOK, til próunar og verðmætasköpunar í svæðisgörðum.

Anne Beathe talaði um ákvörðun norskra stjórnvalda, sem hefði verið góð og byggði á trú þeirra á því að hér væri komið áhugavert nýtt módel um svæðasamvinnu og styrkingu byggða. Það byggði á sérstöðu svæða og stolti heimamanna af því sem gerði svæði einstök, og hefði útgangspunkt í hugmyndum heimamanna. Hún sagði að hér væri kominn vettvangur fyrir alla eldhugana sem oft vantaði stað til að geta útfært sínar hugmyndir. Mikilvægt væri að frumkvæðið væri heimamanna, þetta væri "bottom-up" nálgun. Það væri mjög gott að Norðmenn litu til reynslu annarra Evrópuþjóða við uppbyggingu svæðisgarða og einnig væri gott að hafa norrænan "hlekk" eða samstarf.



Anne Beathe Kristiansen Tvinnereim
(mynd af <http://parknytt.wordpress.com/>)

Úthlutun á fjármununum sem norska ríkisstjórnin leggur til - 10 millj. NOK - þá verður meðferð umsókna og ábyrgð á úthlutun fjárens, í höndum ráðuneytisins - þó í samvinnu við samtök norskra garða. Gerð verður krafa um að verkefnið verði sýnileg - hér sé verið að hugsa um atvinnuþróun og verðmætasköpun.

Hún ræddi um kröfur til svæðisgarða - sagði stjórnvöld fylgjandi því að ekki yrðu sett lög um svæðisgarða, mikilvægt að halda í það að svæðisgarðar yrðu til vegna frumkvæðis heimamanna - og á þeirra forsendum. Viðurkenning svæðisgarða væri mikilvæg, eins og samtökin hafa gert (skilgreint svæðisgarða) og skilgreiningar yrði að skoða, og yrði það gert í samvinnu við Samtökin.
